

891/2019

Reglugerð um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og alifuglakjöti.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að gripið sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast kampýlóbakter bakteríum á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar alifuglakjöts, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem þær geta stefnt matvælaöryggi og lýðheilsu í, sbr. reglugerð nr. 1011/2011, um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum.

Með þessari reglugerð eru settar nákvæmar reglur um vöktun á kampýlóbakter, sbr. reglugerð nr. 1048/2011, um vöktun súna og súnuvalda.

Reglugerð þessi tekur til vöktunar á kampýlóbakter í frumframleiðslu alifuglakjöts, við slátrun alifugla og við dreifingu alifuglakjöts á markaði.

2. gr.

Skilgreiningar.

Alifuglar: Aldir fuglar, þ.m.t. fuglar sem ekki eru taldir til húsdýra en eru aldir sem húsdýr.

Eldishópur: Allir alifuglar við sama heilbrigðisástand sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu. Ef um er að ræða alifugla sem hafðir eru í húsi eru taldir með allir fuglar sem deila sama loftrými.

Frysting: Meðhöndlun afurða þar sem hitastig matvæla skal vera stöðugt -18°C eða lægra í að minnsta kosti tvær vikur.

Hitameðhöndlun: Hitameðferð þar sem kjarnhiti hefur náð 72°C í að minnsta kosti 15 sekúndur eða önnur sambærileg meðferð að mati Matvælastofnunar. Hitameðhöndlun telst fullnægjandi þegar ekki finnst kampýlóbakter í 10 g eftir hitameðhöndlun.

Meðhöndlun: Frysting eða hitameðhöndlun.

Sláturhópur: Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.

3. gr.

Opinbert eftirlit.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerðin tekur til.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirlit Matvælastofnunar fara með framkvæmd og eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt, í samræmi við 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

Matvælastofnun gefur út landsáætlun um varnir og viðbrögð vegna kampýlóbakter í alifuglarækt og afurðum alifugla, samkvæmt reglugerð nr. 1048/2011, um vöktun súna og súnuvalda.

4. gr.

Vöktun á kampýlóbakter fyrir dreifingu á alifuglakjöti.

Ófrystar eða óhitameðhöndlaðar sláturafurðir alifugla á markaði skulu vera af alifuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku í eldishópi á eldistímanum eða sláturhópi við slátrun, að ekki hafi greinst kampýlóbakter í viðkomandi

hópi. Eldissýni sem notað er til grundvallar má ekki vera eldra en fimm daga gamalt fyrir slátrun. Að öðrum kosti skulu liggja fyrir rannsóknarniðurstöður úr viðkomandi afurðum þar sem staðfest hefur verið að ekki hafi greinst kampýlóbakter í viðkomandi framleiðslulotu.

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturafurðum er dreift á markaði.

5. gr.

Túlkun niðurstaðna.

Eldishópur telst greindur með kampýlóbakter ef kampýlóbakter spp. greinist í safnsýni. Ef í slátursýni hópsins greinist ekki kampýlóbakter spp. telst hópurinn ekki greindur með kampýlóbakter.

Sláturhópur telst greindur með kampýlóbakter ef kampýlóbakter spp. greinist yfir greiningarmörkum (>10 cfu/g) í safnsýni.

Framleiðslulota telst greind með kampýlóbakter ef kampýlóbakter spp. greinist í safnsýni.

6. gr.

Vöktun á smitmagni kampýlóbakter við slátrun.

Taka skal hálsaskinnssýni úr sláturhópum kjúklinga og kalkúna og bregðast við niðurstöðum skv. fyrirmælum Matvælastofnunar eins og þau koma fram í landsáætlun Matvælastofnunar um varnir og viðbrögð vegna kampýlóbakter í alifuglarækt og afurðum alifugla skv. 3. gr.

7. gr.

Skýldur matvælafyrirtækja.

Matvælafyrirtæki skulu framkvæma sýnatökur vegna vöktunar á kampýlóbakter sem vísað er til í 4. og 6. gr. í samræmi við I. viðauka. Matvælafyrirtæki skulu geta framvísað niðurstöðum rannsókna sýna í a.m.k. 5 ár.

Matvælafyrirtæki bera allan kostnað við sýnatöku og rannsókn sýna.

Matvælafyrirtæki skulu upplýsa Matvælastofnun um niðurstöður rannsókna á sýnum samkvæmt C-lið I. viðauka.

8. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. mgr. 8. gr. a og 29. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli, og með hliðsjón af reglugerð nr. 1048/2011, um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda og reglugerð nr. 1011/2011, um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2160/2003, um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. september 2019.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kristján Skarphéðinsson.

Viðauki



Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.

Upplýsingar

Ráðuneyti: Matvælaráðuneyti

Tók fyrst gildi: 1. jan. 2020

Upprunalegur útgáfudagur: 14. okt. 2019